



Fundargerð

396. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
fimmtudaginn 28. júlí kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jóhann Þórðarson frá Áliti endurskoðunarstofu og endurskoðandi sveitarfélagsins sat fundinn í síma undir fyrsta lið á dagskrá.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, þá óskaði oddviti eftir því að liður 1 undir liðnum mál til afgreiðslu væri tekinn fyrst á dagskrá, samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. Fundargerð skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefndar 28. júlí 2016.

Farið yfir fundargerðina.

1607011 – Ársreikningur Hafnarsjóðs og Leiguíbúða Reykhólahrepps 2015.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

2. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 28. júlí 2016.

Farið yfir fundargerðina.

1607011 – Ársreikningur Barmahlíðar 2015.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1607011 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2015, síðari umræða og endurskoðunarskýrsla.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi tók til máls í síma undir þessum lið og fór yfir helstu tölur úr fyrirbyggjandi ársreikningi, þá fór hann yfir drög að endurskoðunarskýrslu. Jóhann þakkaði samstarfið á liðnu ári og voru honum þökkuð hans störf í þágu sveitarfélagsins. Ársreikningur Reykhólahrepps og B-hluta stofnana þess lagður fram til samþykktar.

Ársreikningur Reykhólahrepps og stofnana samþykktur samhljóða.

2. 1607016 – Ljósleiðari í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að unnin verði áætlun um lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið. Áætlun verði tilbúin í haust og lögð til grundavallar fyrir umsókn um styrk í Fjarskiptasjóð til framkvæmdarinnar. Samið verði við Karl Hálfðánarson, Radioveri, að hanna kerfið og útbúa umsókn og hafa umsjón með umsóknarferlinu. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.50.

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |